

Umsögn EG náttúrverndarsamtaka um frumvarp til laga um náttúruvernd. Þingskjal 537 – 429. mál drög

Almennt

Fram komin drög að nýjum náttúrverndarlögum eru hvorki fugl eða fiskur og í grundvallaratriðum það gölluð að þau munu, ef þau verða samþykkt, vinna gegn sjálfbærri þróun, umhverfisvernd, náttúruvernd og hagsmunum þeirra sem byggja okkar harðbýla og í gróðurfarlegu tilliti hart leikna land. Stór hluti landsmanna verður gerður að lögbrjótum með setningu ólaga til þess eins að sefa reiði og þóknast fámennum hópi bókstafstrúarmanna sem fundið hafa góðan bandamann í núverandi ráðherra.

Í greinargerð með frumvarpinu er ferill málsins rakinn frá því að Svandís Svavarsdóttir, umhverfisráðherra, skipaði í nóvember 2009 nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga (Inngangur bls. 33). Er þar ýmislegt missagt og/eða vanreifað.

Hin þversagnakenndu drög að náttúruverndarlögum sem hér eru til umræðu munu skapa glundroða og réttaróvissu enda skortir mjög á heildaryfirsýn yfir málaflokkinn, önnur skyld lög og réttarvenjur í okkar heimshluta. Hið víða gildissvið löggjafar sem dregur dóm af að vera skrifuð fyrir þjóðgarða og friðlönd hallar mjög á hagsmuni annarrar landnýtingar. Umhverfis- og Náttúrufræðistofnun er fært víðtækt umsagnar-, þekkingar-, leyfisveitingar- og geðþóttavald, en réttur umsækjenda er ekki tryggður að því er varðar sjálftöku leyfisgjalda og málefnalega afgreiðslu auk möguleika á að skjóta málinu til hlutlausra úrskurðaraðila. Þá er eins og höfundar draganna leiði hjá sér að frá því náttúruverndarlög voru sett hefur orðið til löggjöf um (i) skipulagsmál en þar er kveðið á um að allt landið sé skipulags skylt og (ii) lög um mat á umhverfisáhrifum. Þetta vekur enn meiri furðu þar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer með málefni sem heyra undir áðurnefnd lög og afhjúpar hversu langt sjálftaka valds þeirra stofnana sem áttu fulltrúa í nefndinni hefur gengið. Þannig hefur Skipulagsstofnun sem fer með framkvæmd skipulagslaga og lög um mat á umhverfisáhrifum ekki átt beina aðkomu að þessum drögum og niðurstaðan er að látið er sem sú stofnun sé ekki til né þau lög sem henni er falið að hafa umsjón með. Þarna hefur umhverfis- og auðlindaráðuneytið brugðist í samhæfingarhlutverki sínu enda virðist aðrir ráða för.

Þegar fullskapað frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, sem lagt var fram til kynningar þann 14.12.2010, kom einsleitni í ágengum fordómum gegn skógrækt og uppgræðslu lands berlega í ljós. Það vakti einnig furðu að náttúrufræðingar nefndarinnar voru allir líffræðingar (engir jarðfræðingar, skógræðingar, landfræðingar, búfræðingar eða aðrir sérfræðingar í landnýtingu). Umræddir líffræðingar í nefndinni eru flestir kunnir fyrir að láta í tíma og ótíma í ljós andúð sína á skógrækt og „framandi og ágengum tegundum“. Þá gerir hin mikla slagsíða Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar að verkum að stofnanirnar voru búnar að skrifa lög um eigið alræðis- og geðþóttavald yfir öllu landi í íslenskri lögsögu og nánast

búnar að afnema eignar- og ráðstöfunarrétt landeigenda og taka yfir hlutverk annarra stofnana samfélagsins. Milli 200 – 300 umsagnir bárust við þetta frumvarp og virðist þeim hafa verið ætlað að hverfa í skjalasafni umhverfisráðuneytis. Á vefsvæði sem áhugamaður um skóg- og trjárækt setti upp má þó nálgast allmargar umsagnir; <http://odg.cc/umsagnir/> .

Því er haldið fram að ferli það sem hefst með skipan nefndarinnar hafi verið opið og lýðræðislegt en því er ekki að heilsa enda hefði útkoman þá verið allt önnur. Staðreyndin er sú að þegar hið fullskapaða frumvarp leit dagsins ljós um miðjan desember 2010, hafði nefndin án vitneskju æðstu embættismanna ráðuneytisins og annarra haldið milli 40 og 50 bókaða fundi þar sem leyndarhyggjan var ítrekuð með því að árétta þagnarskyldu nefndarmanna¹. Hinn svokallaði fulltrúi frjálsra félagasamtaka virðist ekki hafa haft samráð við umbjóðendur sína nema þá hugsanlega þau samtök sem fylgdu línu nefndarinnar. Var með harmkvælum hægt að ná fundi með fulltrúanum áður en umsagnafrestur um frumvarp til breytinga á náttúruverndarlögum rann út. Samráð hefur ekki verið haft milli félagasamtakanna og fulltrúans síðan. Aðeins hefur tekist að fá afrit af sumum fundargerðum nefndarinnar.

Þá er því haldið fram að litið sé til „norrænnar löggjafar um náttúruvernd. Er þar sérstaklega vitnað til nýlegra norskra laga „nr. 100/2009“ „**naturmangfoldloven,**“². **Er það nokkuð lýsandi fyrir þann skort á heildarsýn sem gegnsýrir þetta frumvarp allt, því ekki verður með nokkru móti séð að hin eiginlega náttúruverndarlöggjöf á hinum Norðurlöndunum hafi verið skoðuð heildstætt, ef nokkuð. Full ástæða væri þó til að gera það frekar en að gera óskýra og óvandaða löggjöf enn verri. Þá hefur verið bent á að Náttúruverndarlögin frá 1956 (48/1956; Náttúruverndarlög) væru mun betur unnin og orðuð en raunin varð með síðari breytingum.**

Þá kemur fram í inngangi á bls. 34:

„Segja má að löggjöf um náttúruvernd mótist í ríkum mæli af þeim viðhorfum sem uppi eru á hverjum tíma um samspil manns og náttúru og þeim markmiðum sem sett eru á oddinn hverju sinni. Markmiðin byggjast að sínu leyti á þeirri þekkingu sem fyrir hendi er um náttúruna, ástand hennar, þróun og áhrifavalda. Á undanförunum áratugum hefur náttúruvísindum fleygt fram og jafnframt hafa orðið miklar breytingar á viðhorfi manna til náttúru- og umhverfisverndar. Samfara þessu hefur orðið til nýtt réttarsvið, umhverfisréttur, þar sem leitað hefur verið leiða til að skapa réttarlega umgjörð sem hæfir þeim flóknu og margslungnu álitaefnum sem við er að etja og varða samspil manns og náttúru. Liður í því er þróun meginreglna umhverfisréttarins en margar þeirra voru settar fram í Ríó-yfirlýsingunni árið 1992“.


Þetta er allt gott og blessað, en: Þau viðhorf sem virðist vera vísað til eru hvorki almenn, óumdeild hvað þá byggð á staðreyndum (s.s. um ástand lands eða landnýtingu) eða vandaðri lýsingu á náttúruferi landsins. „Hvítbók í náttúruvernd“ uppfyllir engan veginn þau skilyrði eins og gerð hefur verið grein fyrir í fjölmörgum athugasemdum við þá bjöguðu glansmynd

¹ Aðeins sumar fundargerðir nefndarinn „fundust“ er eftir þeim var leitað.

² <http://www.lovdato.no/all/hl-20090619-100.html>

sem þar er sett í fallegar umbúðir. Sumt af því sem Hvítbókar- og lagafrumvarpshöfundar sniðganga kemur býsna skýrt fram í nýrri heimildarmynd Herdísar Þorvaldsdóttur, Fjallkonan hrópar á vægð³ Þar eins og í drögum þessum falla höfundar í þá gryfju að stunda það sem á ensku kallast **Cherry picking**⁴ sem sagt að velja þau rök sem gagnast „málstaðnum“ en forðast öll önnur rök. Einnig velja höfundar þá alþjóðasáttmála sem henta þykir, gleyma t.d. að Ísland er aðili að Eyðimerkursáttmála Sameinuðu þjóðanna sem á raunar meira erindi við Íslendinga en vitlaust þýddur og marg-misnotaður sáttmáli um lífbreytileika.

Með setningu laga nr. 54/1907 um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, sem segja má að séu fyrstu náttúruverndarlögin á Íslandi⁵, var löggjafanum og flestum fagaðilum ljóst að eyðing skóga og uppblástur lands var alvarlegasta umhverfisvandamál sem þjóðin stóð frammi fyrir. Svo er enn hundrað árum síðar nema hvað höfundar Hvítbókar velja að snúa blinda auganu að þeirri staðreynd og dásama rýr gróðurlendi og manngerðar auðnir sem „ósnortna íslenska náttúru“. Er þetta til marks um að „náttúruvísindum [hafi] fleygt fram og jafnframt [hafi] orðið miklar breytingar á viðhorfi manna til náttúru- og umhverfisverndar“? Hvað breytingu á viðhorfi manna varðar kann svarið að vera jákvætt að vissu marki. Það má útskýra sem „Postmoderniska“ náttúruhyggju sem á rætur að rekja til stofnanaumhverfis ráðuneytisins en sem betur fer er sú sjálfhverfa rörsýn ekki almenn. Meginástæður þess að hin ójarðtengda, (gras)rótarlausu, stofnanastýrða umræða um náttúruvernd gengur ekki upp má allar finna í þeirri orðræðu eða öllu heldur einræðu sem nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga stendur fyrir. Nær væri umhverfisfyrirvöldum að læra af stjórnarsýslu skógræktar í stað þess að, líkt og annarra kotbænda er háttur, níða skóinn af þeim sem búnast betur.



Í Hvítbók vantar sárlega grundvallar upplýsingar um náttúrufar og landhætti á Íslandi. Þessi mynd er tekin úr skýrslu Rala og Landgæðslu ríkisins frá 1987⁷

³ <http://www.ruv.is/sarpurinn/fjallkonan-hropar-a-vaegd/14102012-0>

⁴ http://en.wikipedia.org/wiki/Cherry_picking_%28fallacy%29

⁵ <http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/skograekt.pdf>

⁶ http://skemman.is/stream/get/1946/3035/10050/1/slu2_fixed.pdf

⁷ <http://k-sql.lbhi.is/desert/>

Fjallað er um „Íslenska náttúru“ og Ísland sem eitt óraskaðasta land af mannavöldum í heiminum.

Það ber að vernda hina ósnortnu og íslensku náttúru fyrir mannum strax og komið er upp fyrir Elliðaár. Það má ekki breyta ásjón landsins eins og hún er í dag nema þá í þá veru að færa gróðurfar landsins í það horf sem það var áður en markviss innrás „framandi og ágengra tegunda“ hófst fyrir tilstuðlan vondra manna sem auk þess vissu ekkert hvað þeir voru að gera óflekkaðri íslenskri náttúru. „Lifandi framandi lífverur“ er sagðar rugla hið meinta jafnvægi óraskaðra íslenskra vistkerfa þannig að gríðarleg ógn steðji að landi og þjóð. Því beri Alþingi að færa Umhverfisráðherra víðtækar valdheimildir til þess að uppræta þessa óþjóðlegu óvini hinnar íslensku náttúru sem „eigi ekki heima hér“. En þá bregður svo við að ekki þarf að sækja um leyfi, senda til umsagna, ráðast í umhverfismat, kynna fyrir hagsmunaaðilum, taka tillit til eignarréttar og atvinnufrelsis enda skal náttúruhyggja ávallt njóta vafans. Nei - ráðherra skal fært geðþóttavald og vald til að taka lönd eignarnámi, koma á friðlandi og svo framvegis, án eðlilegra fyrirvara og samráðs. Geðþóttavald sem ráðherra hefur þegar tekið sér og brýtur í bága við lög^{8 9} Engar kröfur eru gerðar um upplýsingaöflun, fagleg vinnubrögð, rýnivinnu eða aðkomu almennings, hagsmuna- og fagaðila þegar ráðherra tekur slíkar ákvarðanir. Skógur íþyngjandi laga og reglugerða á bara að gilda um alla aðra en ráðherra og dálætisstofnanir sem fá að vera með í leikritinu um hina óflekkuðu og síungu og fögru fjallkonu. Þannig kemur hin náttúru- og umhverfisfræðadrifna orðræða til þjóðarinnar eins og Keisarinn forðum.


Það verður aldrei sátt um náttúruvernd sem byggir á falskri orðræðu hálf sannleika, fordóma og þagnarlyga.

Það verður heldur engin sátt ef jafnræðis er ekki gætt líkt og gert er í norrænni löggjöf. Það á við um gagnsæi laga og reglugerða, faglegar kröfur og rýni við setningu þeirra og framkvæmd. En einnig um ríka kröfu til stjórnvalda um leiðbeiningaskyldu og málefnalega afgreiðslu mála án íþyngjandi skrifræðis eða sjálftöku gjalda. Það gengur ekki í nútíma þjóðfélagi að stjórnvöld geri engar kröfur til eigin ákvarðanna og stjórnsýslu, en kröfur sem ómöguleg er að uppfylla til þegna samfélagsins. Lög þessi sem eru skrifuð af fortíðarþrá og forneshjulegu boðvaldshugarfari eiga ekkert erindi við framtíðina og ber því að leggja þau til hliðar og byrja á byrjunarreit.

⁸ Áfangaskýrsla um útbreiðslu, varnir og nýtingu lúpínu og skógarkerfils.

<http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/1725>

⁹ http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Minnisblad-um-lupinu-og-kerfil-nov-2010.pdf



Vaxtarmörk birkis. Wöll, C. (2008)¹⁰.

Um einstakar greinar frumvarpsins

1.gr. Markmið laganna

Fyrsta grein byggir að stórum hluta á þeirri sögufölsun að íslensk náttúra sé óröskuð og varðveita beri til framtíðar ásynd landsins, eins og hún er eða var í æskuminningum eða fyrir 1750. Það getur ekki verið almennt gildandi markmið að vernda horfna skóga, burt-blásinnfokinn jarðveg, lítt gróið land oft illa rofið og tegundasnautt mólendi sem þekur stóran hluta gróins land og er fábreytt, ógestrisið og alls ekki „náttúrulegt“ í þeim skilning að það sé eðlilegt ástand tilkomið án inngripa mannsins. Þessi grein getur því eingöngu átt við á þeim litla hluta landsins¹¹ þar sem vistkerfi eru lítt eða ekkert mótuð af þeirri ofnýtingu gróðurlendis sem ríkt hefur um aldir og merkilegt nokk er ekkert tekið á í þessum drögum að frumvarpi til laga um náttúruvernd, þ.e. í birkiskógunum. Hvers vegna ætti það að vera markmið í sjálfu sér að jafn illa farið land og Ísland er í gróðurfarslegu tilliti „fái að þróast eftir eigin lögmálum“. Er eitthvað vit í því að þjóð sem hefur eyðilagt eða umbreytt um 99% af gróðurlendinu undirgangist forneskjuleg lög sem kveði á um að nú eigi náttúran að hjálpa sér sjálf? Liðir a til c eru í lagi en almenna umfjöllun þarf að aðlaga að íslenskum veruleika þar sem jafnvægis gætir milli verndar og nýtingarsjónarmiða og vilja til uppbyggingar og endurhæfingar vistkerfa.

¹⁰ http://skemman.is/stream/get/1946/7559/20046/1/11855_Birch_treeline_in_Iceland_Christoph.pdf

¹¹ <http://k-sql.lbhi.is/desert/>

2. gr.

Lög eiga að vera laus við fordóma og kreddur. Það er sjálfsagt að vernda heilleg vistkerfi og leitast við viðhalda og auka lífbreytileika og vernda tegundir eða vistgerðir í útrýmingarhættu. Það þarf þó ekki að útiloka aðra landnýtingu á stórum hluta landsins þar sem þegar er búið að gjörbreyta eða eyða með öllu því vistkerfi sem var fyrir landnám manna. Þótt setningin „Þetta markmið gildir ekki fyrir framandi tegundir“ skýri vel til hvers refirnir voru skornir er lagt til að hún falli út. Þannig séð geta allar plöntur sem vaxa á Íslandi fallið undir þessa furðulegu skilgreiningu.

4. gr.

Lögð er til eftirfarandi breyting:

Ákvæði *Skógræktalaga, Landgræðslulaga og laga um Vatnajökulspjóðgarð og þjóðgarðinn á Þingvöllum* ganga framur ákvæðum laga þessara séu þau ósamrýmanleg.

5. gr. Skilgreiningar

2. Ágeng framandi lífvera:

Fordóma á ekki að leiða í lög og ekki heldur raða saman gildishlöðnum, vafasömum og loðnum hugtökum eins og „ágeng framandi lífandi lífvera“ og bæta svo enn á vafann með „sem er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni“. Allir þekkja hvernig þessi umræða hefur verið notuð gegn alaskalúpínu að því er mörgum finnst að ósekju.¹² Það hefur einnig komið í ljós í umræðu um „líffræðilegan fjölbreytileika“ hversu loðið og teygjanlegt það hugtak er og hversu auðvelt er að misnota þessa samsuðu hugtaka til þess að réttlæta bann á ræktun innfluttra tegunda. (Eða af hverju er ekki langur kafli um fljúgandi furðuhluti í lagafrumvarpi þessu)? Þannig má með nær fullri vissu rekja uppruna þessa plaggs¹³ til hinnar rómuðu íslensku stjórnsýslu á sviði umhverfismála en hér eru m.a. allar helstu trjátegundir í ræktun á Íslandi skilgreindar sem „**Major Invasive Alien Species**“ í skýrslu til alþjóðaskrifstofu sáttmálans um líffræðilegan fjölbreytileika. Þegar við bætist (skilgreining sk. lið 8) að það sé dauðasök að geta lifað og fjölgað sér þá virðast flest sund lokuð og hér stendur ekki til að „láta náttúruna njóta vafans“.

Við álíka hugmyndum brást meistari Þorbergur á eftir farandi hátt þegar hann skrifar í stóra ævisögulega handritinu sem er nýkomið út á bók:

„Af þessum ástæðum varð ég fullkominn alþjóðasinni. Nei! Ég varð meira: Ég varð fullkominn þjóðleysingi. Vitund mín hófst yfir allt þetta barnalega girðingaverk sem fáfræði mannanna kallaði þjóðerni, rasa eða eitthvað álíka heimskulegt. [] Og þess vegna hef ég aldrei getað og mun aldrei geta tekið undir þann fáfræðinnar þvætting sem höfðar til þjóðernis í stað þess að höfða til eðlis einstaklingsins“.

¹² http://skog.is/index.php?option=com_content&view=article&id=346:alaskalupina-og-skogarkerfill-i-umraeeunni&catid=12&Itemid=100015

¹³ <http://odg.cc/umsagnir/Bioinvasion%20and%20Global%20Environmental%20Governance.pdf>

Í grein sinni, „Framandi og ágengar trjátegundir í íslenskum skógum – raunveruleg, aðsteðjandi eða ímynduð ógn?“¹⁴ fjallar Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson um þann „fáfræðinnar þvætting“ sem nefnd Umhverfisstofnunar um náttúruverndarlög er svo hugleikinn. Þar segir í inngangi:

„Tegundir lífvera sem berast með mannum til fjarlæggra staða eru stundum litnar hornauga af heimaþólki í þeim löndum þar sem þær taka sér bólfestu og taldar „útlendar“, „innfluttar“ eða „framandi“. Á það hefur verið bent, að andstaða gegn slíkum „nýbúum“ á sér sjaldan stað byggða á reynslu eða raunvísindum, en gæti verið ein birtingarmynd mannlegs eðlis: að vilja halda í það umhverfi og samfélag sem heimamenn þekkja og treysta; að vera á móti breytingum á ásýnd þess og tegundasamsetningu, og telja sér ógnað af því sem er nýtt, óþekkt og framandi. Brown and Sax telja að það sé eitthvað djúpt í sálarlífi og undirmeðvitund mannsins sem ýti undir hleypidóma og tortryggni gagnvart hverju því sem er framandi, hvort sem um er að ræða framandi fólk, jurtir eða dýr. Telja þeir að áhyggjur fólks af skaðsemi framandi tegunda sé af sama sálfræðilega meiði og fælni gagnvart fólki af erlendum uppruna. Þessi neikvæða sýn á flest það sem er nýtt og framandi tengist um leið upphafningu á tilteknu „fyrri ástandi“ gróðurfars lands. Fyrri eða núverandi ásýnd lands (þ.e., það sem fólk þekkir eða hefur vanist) er álitid „ósnoortið“ og „náttúrulegt“. Af þeim sökum verði að vernda slíkt ástand gegn breytingum eða endurheimta fyrri ástand“ (Tilvísunum er hér sleppt).

8. Framandi lífverur

Ekki verða færð nein vísindaleg rök fyrir því að nokkru máli skipti hvernig eða hvenær lífverur bárust til landsins. („Og þess vegna hef ég aldrei getað og mun aldrei geta tekið undir þann fáfræðinnar þvætting sem höfðar til þjóðernis í stað þess að höfða til eðlis einstaklingsins“.) Þá eru náttúruleg útbreiðslusvæði sífelldum breytingum háðar og mjög á reiki hvað sé vegna athafna mannsins og hvað vegna hinnar hæpnu klisju um náttúrunnar eigin lögmál. Ef við horfum til skilgreiningar samkvæmt lið 5. Búsvæði, þá má allt eins færa fyrir því rök að Ísland sé vegna hlýnunar loftslags að færast úr barrskógabeltinu og suður í laufskógarbeltið¹⁵. Boð og bönn sem ætlað er að banna breytingar á vistkerfum (sem auk þess eru ýmist mjög eða verulega laskaðar og á stórum svæðum vart lengur fyrir hendi) eru beinlínis hlægilegar. En lengi getur góður brandari batnað því niðurlag setningarinnar er svona, „sem menn hafa flutt vísitandi eða óvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði eftir árið 1750“. Gaman væri að sjá hin vísindalegu rök fyrir þessum „fáfræðinnar þvættingi“.

II kafli. Meginreglur

Varúðarreglu samkvæmt 9. gr. verður vankvæðum bundið að setja í lög sem þessi. Hana er auðvelt að misnota í tíma og ótíma t.d. með vísan til meintrar „gríðarlegrar ógnar við líffræðilegan fjölbreytileika“ og ónógrar vissu um eitthvað sem mögulega gæti gerst. Orðræðu sem núverandi Umhverfisstofnunar hóf og fylgdi að einhverju leyti eftir með aðgerðum, að því er virðist með vísan til ósamþykktra laga.

¹⁴ <http://www.skog.is/images/stories/frettir/2010/greinag-framandi.pdf>

¹⁵ <http://www.nature.com/nclimate/journal/vaop/ncurrent/full/nclimate1687.html>

Löggjög sem bannar allt sem ekki er sérstaklega leyft en vísar að öðru leyti til varúðarreglu má beita til að koma í veg fyrir flest sem til framfara horfir. Einnig geta óprúttir valdhafar afsakað óhæfuverk eins og „upprætingu“ gróðurs með Roundup og „stórvirkum vinnuvélum en fjórhjólum þar sem öðru verður ekki viðkomið“ með vísan í varúðarreglu. Allt í boði svartrar náttúruhyggju og varúðarreglunar um óæskilega íbúa „sem eiga ekki heima í Íslenskri náttúru“. Sporin hræða.

Ríki hafa almennt ekki tekið varúðarregluna inn löggjög heldur látið duga að hafa hana til hliðsjónar og í stefnuyfirlýsingum (svokölluðum „soft law“-textum (e.t.v. mætti kalla slíka texta löglíki, sbr. smjörlíki)¹⁶.

Vakin er athygli Alþingis á því að þrálátar tilvitnanir í varúðarregluna og sáttmála um lífbreytileika byggir í veigamiklum atriðum á röngum þýðingum úr frumtexta, (ensku) yfir á Íslensku. Meðan svo er þarf að hafa enska textann til hliðsjónar.

Séu lagagreinar frumvarps þessa óskýrar og vitlausar þá kárnar fyrst gamanið þegar kemur að því að skima inn í skuggalegan hugarheim skrifinna í greinargerðum með frumvarpinu. Ágætt dæmi um það er greinargerð um 57. gr. en hér virðist sem búið sé að krossbanna leyfisveitingavaldinu að fara gegn kennivaldinu.

„Um 57. Gr

[]

Í 4. mgr. er kveðið á um þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við mat á leyfisumsókn. Í matinu þarf að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Ætlast er til þess að við matið verði litið til verndarmarkmiða 2. gr. fyrir vistkerfi, vistgerðir og tegundir og 3. gr. fyrir jarðminjar og vatnasvæði. Auk verndarmarkmiðanna skal tekið mið af þeim atriðum sem tilgreind eru í ákvæðinu, þ.e. mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Gert er ráð fyrir að leyfisveitandi verði að rökstyðja sérstaklega ákvörðun um að veita leyfi ef hún fer í bága við álit umsagnaraðila, sbr. 5. mgr. Miðar þetta að því að tryggja vandaða málsmeðferð. Í rökstuðningi fyrir slíku leyfi væri eðlilegt að gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Í 5. mgr. er einnig mælt fyrir um heimild til að binda leyfi skilyrðum sem nauðsynleg þykja til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um að leyfisveitandi sendi Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun afrit af útgefnu leyfi. Miðar ákvæðið að því að tryggja yfirsýn þessara stofnana yfir heildarástand þeirra náttúruyfyrirbæra sem njóta verndar

¹⁶ <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/570791/>

greinarinnar. Nýmæli er ákvæðið í 7. mgr. um að Náttúrufræðistofnun Íslands haldi skrá yfir náttúruvirkbæri skv. 1. og 2. mgr. nema birkiskóga en gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins haldi skrá yfir þá. Nú þegar eru til hjá Náttúrufræðistofnun Íslands kortagrunnar yfir sum þessara náttúruvirkbæra en slíkar kortaupplýsingar ættu að gagnast t.d. sveitarfélögum við gerð skipulagsáætlana og við afgreiðslu umsókna um framkvæmdaleyfi.

Lagt er til að frumvarpi þessu verði vísað til föðurrhúsanna og þess farið á leit við Alþingi að endurskoðun náttúruverndarlaga verði frá grunni unnin af Alþingi og bent á að farsælt er að taka mið af norrænni og evrópskri heildarlöggjöf í stað sérviskulegra norskra sérlaga. **Brýnt er að fram fari heildarmat á áhrifum nýrra náttúruverndarlaga áður en þau verða að lögum.**

Reykjavík 8. febrúar 2013

Einar Gunnarsson
Skógræðingur
Grenimel 32-34
107 Reykjavík